

USK Skipulag

Frá: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>
Sent: miðvikudagur, 28. desember 2022 14:46
Til: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir; Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Jóhanna Guðjónsdóttir; Vigdís Þóra Sigfúsdóttir; Snædís Karlsdóttir Bergmann; Erla Bjarný Jónsdóttir
Afrit: USK Skipulag
Efni: Tilkynning um kæru 149/2022, stjórnvald. Upplýsingar um leyfishafa!
Viðhengi: 27.12.2022 - - Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála - [REDACTED] - In
[REDACTED]
(GoPro Self Service).pdf

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan dag.

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnáskýrslu, móttækin 27. desember 2022 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er „ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um uppsetningu bifreiðastæðis fyrir hreyfihamlaða í Bryggjuhverfi, Reykjavík.“

Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna, 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Upplýsingar óskast sem fyrst um leyfishafa og netfang ef það liggur fyrir.


Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

**Ólöf Harðardóttir,
skrifstofumaður**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

27.12.2022 13:37

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	Naustabryggju 41
Póstnúmer	110
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar	
Kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um uppsetningu bifreiðastæðis fyrir hreyfihamlaða í Bryggjuhverfi, Reykjavík. Sjá nánar meðfylgjandi kærubréf.	
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Dagsetning ákvörðunar	30.11.2022
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	í lögum nr. 130/2011.

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Þess er krafist að umrædd ákvörðun verði felld úr gildi.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Með umræddri ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er gengið freklega á eignarréttindi eigenda aðliggjandi lóða.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Undirrituðum barst bréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þar sem gerð var grein fyrir ákvörðuninni.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Við umrædda ákvörðun var ekki gætt meðalhófs og gengið freklega á eignarréttindi eigenda aðliggjandi lóða.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Kæra, ásamt rökstuðningi
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Kæra dags. 23.12.2022.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Hin kærða ákvörðun
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	Bréf frá Reykjavíkurborg 30.11.2022 - I.pdf

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Hin kærða ákvörðun
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	Bréf frá Reykjavíkurborg 30.11.2022 - II.pdf

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2022

**Efni: Úrskurður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar,
dags. 23. nóvember 2022 kærður**

Heiðraða úrskurðarnefnd

Með bréfi þessu kærir undirritaður, fyrir hönd Lóðafélagsins Naustabryggju 21–29 og 41–57 (kt. 491214-1390, hér eftir nefnt Lóðafélagið), ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 31–33 við Naustabryggju.

Umrædd breyting lýtur að því að koma fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóð. Lóðafélagið kærir umrædda ákvörðun með eftirfarandi rökum:

- 1) Málið var ekki sent Lóðafélaginu til umsagnar þó svo að aðkoma að öðru því bifreiðastæða sem hér um ræðir sé eingöngu um aðkomulóð sem er einkalóð umrædds Lóðafélags. Þá var málið aðeins kynnt fyrir hluta þeirra fasteignaeigenda sem um ræðir en eigendur fasteigna í Naustabryggju 41–53 var ekki gert viðvart um fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu – þrátt fyrir að eiga aðild að umræddu Lóðafélagi og þar með eiga eignaraðild að áðurnefndri aðkomulóð.
- 2) Eins og segir í fyrsta lið er eina aðkoman að eystra bílastæðinu sem hér um ræðir um aðkomulóð sem er einkalóð áðurnefnds Lóðafélags og umrætt stæði verður því eðli máls samkvæmt ekki nýtt fyrir aðra en fasteignaeigendur í Naustabryggju 21–29 og 41–57. Lóðafélagið hafnar því alfarið að aðkomulóðin verði nýtt til innaksturs á viðkomandi stæði og er í fullum rétti til þess þar sem um einkalóð hennar er að ræða.
- 3) Það bifreiðastæðið sem um ræðir er staðsett á gangstíg sem er mikilvæg tenging milli hverfisins og sjávar. Lóðafélagið leggur áherslu á að umræddum

gangstíg verði haldið sem slíkum og engum bifreiðastæðum komið fyrir á stígnum.

- 4) Lóðafélagið bendir einnig á að aðkoma að sorptunnum hússins nr. 21 er um umræddan gangstíg og því skiptir máli að hann sé vel greiðfær.
- 5) Lóðafélagið mótmælir því enn fremur að fyrir nokkru hafi verið sett upp skilti fyrir umrætt bifreiðastæði og það merkt með málningu sömuleiðis – stæðið hefur því verið sett upp – áður en tillagan var borin upp við hlutaðeigandi og þar með áður en umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar tók umrædda ákvörðun.


Lóðafélagið hefur sjálft komið fyrir stæðum fyrir fatlaða inni á sinni einkalóð og öðrum húsfélögum hverfisins ætti að vera slíkt sömuleiðis í lófa lagið. Þá er samkvæmt deiliskipulagi gert ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða í bifreiðakjallara undir húsunum nr. 31 og 33 og þeim húsum fylgja sömuleiðis bifreiðastæði ofanjarðar.

Hér eru því engin efni til að ganga með freklegum hætti á eignarréttindi húseigenda við Naustabryggju 21-29 og 41-57. Er ekki gætt meðalhófs og brotið á stjórnarskrárvörðum eignarréttindum fasteignaeigenda þar eð umrætt stæði verður ekki nýtt öðruvísi en en með akstri um aðkomulóð sem er einkalóð umræddra fasteigna og húsunum nr. 31 og 33 óviðkomandi.

Þess er því krafist að umrædd ákvörðun Reykjavíkurborgar verði felld úr gildi.

Fyrir hönd stjórnar Lóðafélagsins Naustabryggju 21-29 og 41-57

[sign]



Hjálagt:

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar til undirritaðs,
dags. 30. nóvember 2022.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2023.

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 149/2022, kæra lóðafélagsins Naustabryggju 21-29 og 41-57, þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagráðs Reykjavíkurborgar frá 23. nóvember 2022 um breytingar á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 31-33 við Naustabryggju.

Með tölvupósti dags. 28. desember sl. sendi úrskurðarnefndin Reykjavíkurborg ofangreinda kæru. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kærunnar.

Málavextir

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. nóvember 2022 var að lokinni grenndarkynningu samþykkt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 31-33 við Naustabryggju. Í breytingunni sem lögð er til felst að komið er fyrir tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða á lóð. Annað er innan lóðar Tangabryggju 6-12A og Naustabryggju 17-19 og 31-33, nálægt inngangi Naustabryggju 31 og hitt er á borgarlandi nálægt inngangi Naustabryggju 33.

Tillagan var grenndarkynnt frá 7. mars 2022 til og með 4. apríl 2022 fyrir hagsmunaaðilum að Tangabryggju 6-8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17-19, 21, 29, 31-33, 55 og 57.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Baldur Ólafsson dags. 1. apríl 2022, Jónína R. Einarsdóttir dags. 1. apríl 2022, Ólafur Helgi Móberg Ólafsson dags. 3. apríl 2022, Haukur Bragason dags. 4. apríl 2022, Iris Edda Nowenstein dags. 4. apríl 2022, Arna Kristjánsdóttir og Benedikt Óskarsson f.h. húsfélags Naustabryggju 31-33 dags. 4. apríl 2022 og Björn Jón Bragason f.h. Lóðafélagsins Naustabryggju 21-29 og 41-57 dags. 30. mars 2022. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. nóvember 2022.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagbreytingarinnar var birt í b-deild stjórnartíðinda þann 21. desember 2022.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess framangreind ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs í málinu verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda verði hafnað.



Málsástæður og lagarök

Varðandi málsástæður og lagarök vísast til kæru. En kærandi byggir einna helst á því að málið hafi ekki verið sent kæranda til umsagnar þó svo að aðkoma að öðru því bílastæða sem um ræðir sé eingöngu um aðkomulóð sem sé einkalóð kæranda. málið hafi einnig aðeins verið kynnt fyrir hluta fasteignaeigenda, en eigendum fasteigna í Naustabryggju 41-53 var ekki gert viðvart um fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu, þrátt fyrir að eiga aðild að lóðafélagi kæranda og þar með eignaraðild að áður nefndri aðkomulóð.

Kærandi hafnar því að aðkomulóðin verði nýtt til innaksturs á viðkomandi svæði því umrætt stæði verður eðli máls samkvæmt ekki nýtt fyrir aðra en fasteignaeigendur í Naustabryggju 21-29 og 41-57 sem sé einkalóð.

Stæðið sé staðsett á gangstíg, en kærandi leggur áherslu á að svo verði ekki þar sem hann sé mikilvæg tenging milli hverfisins og sjávar. Einnig sé aðkoma að sorptunnum hússins nr. 21 um gangstíginn. Kærandi mótmælir einnig uppsetningu skiltis fyrir umrætt stæði hafi það verið gert áður en ákvörðun um deiliskipulagsbreytingu var tekin.

Álit Reykjavíkurborgar

Það er rétt að tillagan var ekki grenndarkynnt fyrir kæranda, enda metið svo að tillagan hefði ekki áhrif á hagsmuni hans. Kærandi kom engu að síður að athugasemdum við tillögunni og getur þar af leiðandi ekki borið fyrir sig að hafa ekki haft tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Aðkoman að umræddu stæði á borgarlandi er í gegnum aðkomulóð og er hún m.a. í þágu kæranda, en lóðin er einnig aðkomulóð fyrir Naustabryggju 21-29 og 55-57. Umrætt stæði er hinsvegar á borgarlandi og er gert ráð fyrir að hreyfihamlaðir einstaklingar geti almennt nýtt það, enda verður stæðið ekki sérmerkt neinni lóð til afnota. Ekki er hægt að líta svo á að það sé á hendi lítils hluta handhafa aðkomulóðarinnar að koma í veg fyrir að aðrir aki um lóðina, eða að leita þurfi samþykkis allra eigenda fyrir slíkri umferð. Umferð inn á umrætt bílastæði verður mjög óveruleg og hefur staðsetning og notkun þess þannig ekki þau áhrif á hagsmuni kæranda svo nokkru varði. Ekki er heldur fallist á að staðsetning stæðisins skerði tenginguna milli hverfisins og sjávar þar sem sú gönguleið er órofin og hindrunarlaus.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður



Árið 2023, fimmtudaginn 13. apríl, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 149/2022, kæra á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 30. nóvember 2022 um að breyta deiliskipulagi Bryggjuhverfis við Grafarvog vegna bílastæða hreyfihamlaðra.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 27. desember 2022, kærir Lóðafélag Naustabryggju 21–29 og 41–57 þá ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 30. nóvember 2022 að breyta deiliskipulagi Bryggjuhverfis við Grafarvog vegna bílastæða hreyfihamlaðra. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 2. febrúar 2023.

Málavextir: Mál þetta á sér nokkra forsögu, en frá árinu 2017 hefur húsfélag Naustabryggju 31–33 og Reykjavíkurborg átt í nokkrum samskiptum vegna bílastæða fyrir hreyfihamlaða fyrir hús nr. 31–33 við Naustabryggju. Hinn 24. nóvember 2019 fór félagið fram á að skilyrðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 vegna aðgengis fyrir hreyfihamlaða yrði fylgt og a.m.k. þremur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða yrði komið fyrir innan 25 m fjarlægðar frá aðalinngangi stigaganga í húsi á lóð Naustabryggju 31–33. Með bréfi byggingarfulltrúa til húsfélagsins, dags. 22. janúar 2020, var bent á að fyrirkomulag bílastæða væri í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Myndi embættið því ekki aðhafast frekar vegna málsins. Var sú afgreiðsla byggingarfulltrúa borin undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem felldi hana úr gildi með úrskurði, uppkveðnum 28. ágúst 2020 í máli nr. 15/2020. Vísaði nefndin m.a. til þess að ákvæði gr. 6.2.4. í byggingarreglugerð um fjarlægð bílastæða fyrir hreyfihamlaða frá aðalinngangi væri ekki uppfyllt. Engu gæti breytt í því efni þótt fyrirkomulag bílastæða væri í samræmi við deiliskipulag og samþykkt aðaluppdrætti, enda gæti deiliskipulag ekki vikið til hliðar ákvæðum byggingarreglugerðar og samkvæmt 11. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skyldu samþykktir aðaluppdrættir vera í samræmi við ákvæði framangreindrar reglugerðar.

Í kjölfar úrskurðarins var embætti byggingarfulltrúa í samskiptum við kæranda máls nr. 15/2020 og lagði til að gert yrði bílastæði fyrir hreyfihamlaða á borgarlandi við norðausturhorn hússins nr. 31–33 við Naustabryggju, en þeirri tillögu var hafnað af hálfu húsfélagsins þar sem bílastæðið fullnægði ekki kröfum byggingarreglugerðar. Með tölvupósti byggingarfulltrúa 5. mars 2021 kom fram að honum þætti ljóst að krafa kæranda fæli í sér að gerð yrðu bílastæði á aðliggjandi lóð, Naustabryggju 35–57, og hún minnkuð sem því næmi. Ekki væri mögulegt að verða við þeirri kröfu án samþykkis viðkomandi lóðarhafa og embættið myndi því ekki aðhafast frekar í málinu. Var sú ákvörðun kærð til úrskurðarnefndarinnar sem felldi hana úr

gildi með úrskurði, uppkveðnum 14. september 2021, í máli nr. 39/2021. Með hliðsjón af þeim úrræðum skipulagslaga sem stæðu Reykjavíkurborg til boða, þ. á m. að breyta deiliskipulagi, heimila skiptingu lóða og ráðast í eignarnám, féllst úrskurðarnefndin ekki á með borgaryfirvöldum að ómöguleiki væri fyrir hendi.

Á fundi skipulagsfulltrúa 11. febrúar 2022 var tekin fyrir tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis við Grafarvog vegna lóðarinnar Tangabryggju 6–8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17–19 og 31–33 og aðliggjandi borgarlands. Í tillögunni fólst að skilgreind yrðu tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða, eitt á borgarlandi og annað innan umræddrar lóðar. Samþykkti skipulagsfulltrúi að grenndarkynna tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Tangabryggju 6–8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17–19, 21, 29, 31–33, 55 og 57. Tillagan var auglýst til kynningar 7. mars 2022 og var athugasemdafrestur veittur til 4. apríl s.á. Á kynningartíma bárust sjö athugasemdir, þ. á m. ein frá kæranda í máli þessu. Tillagan var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 23. nóvember 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. s.m. Var tillagan samþykkt með vísan til nefndrar umsagnar og a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Deiliskipulagsbreytingin tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 21. desember 2022.

Málsrök kæranda: Kærandi bendir á að tillaga að hinni kærðu deiliskipulagsbreytingu hafi ekki verið grenndarkynnt fyrir honum þó svo að aðkoma að öðru því bílastæða sem hér um ræði sé eingöngu um aðkomulóð sem sé einkalóð kæranda. Þá hafi málið aðeins verið kynnt fyrir hluta þeirra fasteignaeigenda sem um ræði, en eigendur fasteigna í Naustabryggju 41–53 hafi ekki verið gert viðvart um fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu þrátt fyrir að eiga aðild að kæranda og þar með eignaraðild að áður nefndri aðkomulóð. Eðli málsins samkvæmt verði umrætt bílastæði ekki nýtt fyrir aðra en fasteignaeigendur Naustabryggju 21–29 og 41–57.

Bílastæðið sé staðsett á gangstíg sem sé mikilvæg tenging milli hverfisins og sjávar. Áhersla sé lögð á að umræddum gangstíg verði haldið sem slíku. Einnig sé bent á að aðkoma að sorptunnum hússins nr. 21 við Naustabryggju sé um umræddan gangstíg og því skipti máli að hann sé vel greiðfær. Enn fremur sé því mótmælt að fyrir nokkru hafi verið sett upp skilti fyrir umrætt bílastæði og það merkt með málningu áður en tillagan hafi verið borin upp við hlutaðeigandi og þar með áður en hin kærða ákvörðun hafi verið tekin.

Kærandi hafi sjálfur komið fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða inni á sinni einkalóð og öðrum húsfélögum hverfisins ætti sömuleiðis að vera slíkt í lófa lagið. Þá sé samkvæmt deiliskipulagi gert ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða í bifreiðakjallara undir húsunum nr. 31–33 við Naustabryggju en þeim húsum fylgi sömuleiðis bílastæði ofanjarðar.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Borgaryfirvöld vísa til þess að tillagan hafi ekki verið grenndarkynnt fyrir kæranda þar sem hún var ekki talin hafa áhrif á hagsmuni hans. Kærandi hafi engu að síður komið að athugasemdum við tillöguna og geti hann þar af leiðandi ekki borið fyrir sig að hafa ekki haft tækifæri til að tjá sig um hana.

Aðkoma að því bílastæði sem sé á borgarlandi sé í gegnum aðkomulóð og sé hún m.a. í þágu kæranda, en lóðin sé einnig aðkomulóð fyrir Naustabryggju 21–29 og 55–57. Gert sé ráð fyrir að hreyfihamlaðir geti almennt nýtt stæðið, enda verði það ekki sérmerkt neinni lóð til afnota. Ekki sé hægt að líta svo á að það sé á hendi lítils hluta handhafa aðkomulóðarinnar að koma í veg fyrir að aðrir aki um lóðina eða að leita þurfi samþykkis allra eigenda fyrir slíkri umferð. Umferð vegna stæðisins verði mjög óveruleg og hafi staðsetning þess og notkun ekki áhrif á

hagsmuni kæranda svo nokkru varði. Ekki sé heldur fallist á að staðsetning þess skerði tengingu milli hverfisins og sjávar þar sem sú gönguleið sé órofin og hindrunarlaus.

Athugasemdir húsfélags Naustabryggju 31–33: Húsfélag Naustabryggju 31–33 bendir á að uppsetning bílastæðis á borgarlandi hafi verið leið Reykjavíkurborgar til að uppfylla skilyrði í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Stæðið sé í dag nýtt oftar en ekki af sama ökumanni og hafi reiturinn verið nýttur reglulega til þess að leggja áður en stæðið hafi verið merkt fyrir hreyfihamlaða. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi tvívegis úrskurðað húsfélaginu í vil varðandi þá skyldu Reykjavíkurborgar að uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar um bílastæði hreyfihamlaðra.

Síðastliðin sex ár hafi íbúar Naustabryggju 31–33 reynt að benda Reykjavíkurborg á handvömm við útgáfu byggingarleyfis sem hafi gert það að verkum að húsið hafi verið byggt við einkalóð kæranda. Húsfélagið hafni því að borgaryfirvöld uppfylli fyrrgreinda skyldu sína með því að koma fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða annars staðar en á lóð Naustabryggju 17, Naustabryggju 31–33 og Tangabryggju 6–12. Fallist úrskurðarnefndin á sjónarmið kæranda sé staðan sú að Naustabryggju 31–33 sé í raun eyland í þessu hverfi. Síðastliðin sex ár hafi íbúum verið óheimilt að nota lóðina fyrir framan húsið til að sinna viðhaldi sem krefjist notkunar vinnupalla og annarra vinnuvéla sem eðli málsins samkvæmt þurfi athafnasvæði og aðkomu. Þá uppfylli bílastæði á lóð milli Tangabryggju 12 og Naustabryggju 31–33 eftir sem áður ekki skilyrði um fjarlægð frá aðalinngangi Naustabryggju 31.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Kærandi ítrekar málsrök úr kæru og bendir á að uppsetning bílastæðis fyrir hreyfihamlaða á borgarlandi felist beinlínis í sér ólögsmæta eignaupptöku þar sem aðkoma að því stæði sé í gegnum einkalóð hans. Bílastæðið sé á miðjum gangstíg og ef bifreið sé lagt í það geti verið erfitt eða jafnvel ómögulegt að aka barnavagni eftir stígnum. Þá bendi lausleg athugun til að víðast hvar sé lengra frá bílastæði fyrir hreyfihamlaða að útidyrum en fjarlægð frá því bílastæði sem verði milli Naustabryggju 31–33 og Tangabryggju 12 og aðalinngangi Naustabryggju 31.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis við Grafarvog vegna bílastæða hreyfihamlaðra fyrir Naustabryggju 31–33. Í breytingunni felst að á skipulagsuppdrætti eru skilgreind tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða, annars vegar á borgarlandi og hins vegar innan lóðarinnar Tangabryggju 6–8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17–19 og 31–33.

Hin kærða deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hefur kærandi fundið að því hvernig staðið var að grenndarkynningunni þar sem tillagan hafi ekki verið kynnt fyrir honum þrátt fyrir að aðkoma að bílastæði á borgarlandi sé í gegnum einkalóð hans. Með hliðsjón af þeim aðstæðum verður að fallast á með kæranda að Reykjavíkurborg hefði borið að grenndarkynna fyrir honum deiliskipulagstillöguna. Aftur á móti verður ekki séð að kærandi hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna þessa þar sem hann kom að athugasemdum við kynningu tillögunnar og var þeim svarað í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. nóvember 2022. Verður að öðru leyti ekki annað séð en að málsmeðferðin hafi verið í samræmi við skipulagslög.

Skipulag lands innan marka sveitarfélags er í höndum sveitarstjórna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 123/2010. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags skv. 1. mgr. 38. gr. laganna og er skv. 43. gr. heimilt að breyta deiliskipulagi. Sveitarstjórn hefur mat um það hvernig deiliskipulagi eða breytingu á því skuli háttað svo fremi það mat byggji á málefnalegum og lögætum sjónarmiðum.

Eins og rakið er í málavöxtum var undanfari hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar úrskurðir úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 15/2020 og 39/2021, en í málunum voru felldar úr gildi ákvarðanir byggingarfulltrúans í Reykjavík um að hafna kröfum húsfélags Naustabryggju 31–33 um að tryggj yrði aðgengi að húsinu fyrir hreyfihamlaða í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Í umsögn skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 segir að með deiliskipulagsbreytingunni sé verið að svara fyrrgreindum niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar um að tryggja skuli án tafar aðgengi fyrir hreyfihamlaða að aðalinngangi Naustabryggju 31–33. Lágu því efnis- og skipulagsrök að baki hinni kærðu ákvörðun.

Með vísan til þess sem að framan er rakið liggja ekki fyrir þeir form- eða efniságallar á hinni kærðu ákvörðun sem raskað geta gildi hennar. Verður kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar af þeim sökum hafnað.

Rétt þykir að benda á að deiliskipulag getur ekki haft áhrif á bein eða óbein eignarréttindi en sé sýnt fram á að gildistaka skipulagsáætlana hafi haft í för með sér fjártjón getur sá sem telur sig hafa orðið fyrir því átt rétt á bótum, sbr. 51. gr. skipulagslaga. Úr slíkum ágreiningi verður hins vegar ekki leyst fyrir úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 30. nóvember 2022 um að breyta deiliskipulagi Bryggjuhverfis við Grafarvog vegna bílastæða hreyfihamlaðra.

Ómar Stefánsson (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)